



## FUNDARGERÐ

### VINNUFUNDUR Í VATNASVÆÐISNEFND Á VATNASVÆÐI 4, REYKJAVÍK OG NÁGRENNI

Dags.fundar 14.05.12	13:00 – 16:00	Staður Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14	Nr. fundar 2
Fundarstjóri: Jóhanna Björk Weisshappel (JBW)		Fundarritari: Heiðrún Guðmundsdóttir	
Fundarmenn: Tómas G. Gíslason, Mosfellsbæ, Eygerður Margrétardóttir, Reykjavíkurborg, Guðmundur G. Gunnarsson, Álftanes, Jón Gíslason, Kjósahreppur, Kristín Ólafsdóttir, heilbrigðisnefnd Kjós., Erla Bil Bjarnadóttir, Garðabæ, Sigurður Jónsson, Ölfus, Dagur Jónsson, Hafnarfjörður, Kristín Lóa Ólafsdóttir, HER, Birgir Þórðarson, heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Páll Stefánsson, heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Gerður Stefánsdóttir, VÍ, Bogi Brynjar Björnsson, VÍ, Jóhanna Björk Weisshappel, UST, Heiðrún Guðmundsdóttir, UST.			
Afrít sent til: allra fundarmanna			
Markmið fundar: Vinna við álagsgreiningu á vatn.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð
1	<p><b>Kynning Veðurstofu Íslands um skilgreind yfirborðsvatnshlot á landi, Bogi Brynja Björnsson:</b></p> <p>Búið að flokka og skilgreina straumvatnshlot, og stöðuvatnshlot, áróshlot og sjávarlónahlot á Suðurlandi, Vesturland frá jökulsárlóni að Gilsfirði, Melrakkaslétu að Héraðsflóa, á austfjörðum frá Selfljóti að Breiðdalsvík og á Tröllaskaga. Fjöldi stöðuvatnshlota er 387 (nánast öll komin). Straumvatnshlot eru 872 (vantar næstum helming þeirra) og strandsjávarhlotin eru 66 talsins. Spurt var af hverju engin vatnshlot á landi eru á Reykjanesi. Þar er nær eingöngu grunnvatn, mjög lítið yfirborðsvatn. Ástjörn er minni en 0,5 km<sup>2</sup> að stærð. Ef vatnshlot er undir álagi (þekkt umhverfisvandamál) verða þau etv. tekin með þrátt fyrir að vera minni. Kópavogslæk á að taka með þar sem hann er undir álagi frá mengun og raski. Lækirnir Arnarneslækur og Hraunholtslækur í Garðabæ eru í vatnshlotagrunninum. Lítil vötn og litla lækir í þéttbýli þarf að skoða sérstaklega m.t.t. álags. Minni ár og lækir, sem ná ekki stærð og tengjast öðru vatnshloti, mega e.t.v. fylgja því vatnshloti.</p> <p>Árhlotin: Þrjú hæðarflokkar við skilgreiningu þeirra, þ.e. 0-200 m, 200-600 m og 600 m og ofar. Stærðarmörk áróshlot: 0,5 km<sup>2</sup>.</p> <p>Eldra flokkunarkerfi verður haft til hliðsjónar, þ.e. lindavötn, dragavötn, jökulvatn. Einnig verða notaðar upplýsingar um fiskgengd og þekktir líffræðilegir þættir hafðir til hliðsjónar við skilgreiningu straumvatnshlota (fiskgengur hluti, ófiskgengur hluti og sérstakt lífríki). Þessir þættir falla oftast vel saman við hæðarflokkunina. Einnig verður jarðfræði og gróðurkort höfð til hliðsjónar.</p> <p>Ví heldur utan um upplýsingakerfi um vatnamál, þar verður</p> <ol style="list-style-type: none"><li>1. Kortasjá fyrir almenning með upplýsingum um eiginleika vatnshlota.</li><li>2. Kortasjá fyrir sérfræðinga og/eða stjórnarsýsluna til að færa inn upplýsingar um skilgreind vatnshlot.</li></ol> <p>Upplýsingakerfið byggir á lausnum frá Norðurlöndunum sem settar hafa verið upp í tengslum við innleiðingu vatnatilskipunarinnar þar. Íslands getur lært af reynslu annarra þjóða og sparar þannig tíma og fjármuni við þróun og uppsetningu kerfisins.</p> <p>Ví kynnti auðkennisnúmerakerfi vatnshlota: Sérfræðingar þurfa ekki að búa þau til sjálfir sem auðveldar utanumhald og viðhald auðkennisnúmera. Hægt að sjá þessar upplýsingar</p>	

	<p>inni á vatn.is. Spurt var hvort hægt væri að tengja örnefni við númerakerfið. Það er mögulegt, gott væri að finna örnefni, eins og t.d. Þverá við laxá í Dölum sérstaklega. Spurt var um grunnvatnsstraumana frá Langjökli út á Reykjanes. Fyrsta flokkun grunnvatnshlota er á höndum OS.</p>		
2	<p><b>Kynning Umhverfisstofnunar á verkefninu stjórn vatnamála og vatnasvæðanefndum, Jóhanna Björk Weisshappel:</b></p> <p>Kynnti verkefnið stjórn vatnamála, vatnasvæði Íslands og hlutverk vatnasvæðanefnda til upprifjunar fyrir þá fulltrúa sem ekki gátu mætt á kynningarfundinn í Reykjavík 31. janúar. Sagði m.a. frá kynningafundum og vinnufundum og frá nýjum vef, vatn.is. Fjallaði einnig stjórn vatnamála, álagsgreiningu UST í samvinnu við heilbrigðiseftirlit og forgangsörðun verkefna til að meta ástand hér á landi fyrir stöðuskýrslu 2013. Nefndi mikilvægi samstarf sveitarfélaga og heilbrigðiseftirlita og kynningu draga að vatnaáætlun fyrir almennings og hagsmunaaðila. Dreifði gátlista yfir mögulegt álag á vatn sem fulltrúar geta haft til hliðsjónar við mat á álagi og áhrifum, með áherslu á punktlosun og dreifða losun (m.a. rotþrær). Nefndi einnig að álag getur falist í breytingum á árfarvegum vegna vegagerðar, hafna, brúargerða og fleiri framkvæmda. Í álagsgreiningunni (Excel skjalinu) á að skrá stærstu frístundasvæðin, landbúnaðarsvæði/golfvellir.</p> <p>Ábending frá fulltrúa: Hætta að tala um að við eigum að skila gögnum til ESA, eigum að tala um að við séum að gera þetta fyrir okkur sjálf og vernda vatnið fyrir okkur. UST tók undir það. Einnig ábending um að hætta eigi að nota hugtakið vatnatilskipun eða tilskipun. Nota heldur íslenska heitið stjórn vatnamála. UST tók undir það.</p> <p>UST kynnti álagsgreininguna (Excel skjalið) fyrir vatnasvæði 4 og fór yfir aðferðarfræðina. Upplýsingar komu fram frá fulltrúa um að 620 sumarhús væru í Kjósinni. Athuga þarf hve mörg eru við Meðalfellsvatn og hver íbúafjöldinn er á lögbýlum. UST benti á að reiknað sé með 3 persónueiningum fyrir hvert sumarhús í 3 mánuði á ári (sumarhús-3/12)*3.</p> <p>Ábending frá fulltrúa um að fyrir hótél ætti að nota gistinætur og 80 % nýtingu á hótél rými. Önnur ábending um að nota ætti frekar salernistölur (fleiri ferðamenn nota þau). Þetta verður skoðað betur. Ábending frá fulltrúum um að Þjóðskrá gæti veitt upplýsingar um fjölda sumarhúsa, íbúafjölda á hús. Ef erfitt er að fá þessa upplýsingar hjá Þjóðskrá þarf að athuga með að fá þær frá byggingafulltrúum/skipulagsfulltrúum.</p> <p>UST benti á að sveitarfélög þurfi að þrýsta á fyrirtæki um að setja upp fitugildir, sigti eða annan hreinsibúnað á sitt frárennsli áður en því er veitt í þéttbýlisfráveitu.</p> <p>Álver, UST: Finna þarf fjölda persónueininga frá álverum út frá fjölda starfsmanna og mötuneyti. Önnur losun er frá flæðigryfju, PAH efni og þungmálma geta borist frá flæðigryfjum í sjó. Í straumsvík og Hvalfirði er flæðigryfja en ekki í Reyðarfirði.</p> <p>Olíubirgðastöðvar, UST: Losa ekki lífræn efni en geta losað önnur mengunarefni ef mengunarslys verða.</p> <p>Sorpurðun: Ábending frá fulltrúa um að sigvatn frá Álfsnesi innihaldi mest lífrænt efni. Gamlir urðunarstaðir, UST: Hætta á að PCB og önnur mengunarefni „leki“ úr þeim t.d. í sjó, tekið mið af skýrslu HER um gamla urðunarstaði.</p> <p>Hægt að meta álag frá umferð á vatn (dreifð losun), UST. Afrennsli frá götum getur innihaldið mengunarefni. He Kjós er að þróa aðferðir og óskað verður eftir aðstoð þaðan.</p> <p>Álag frá landbúnaði, landgræðslu og skógrækt verður metið síðar út frá Corin Landcover frá Landmælingum Íslands.</p> <p>Fulltrúar í vatnasvæðisnefnd munu fá Excel töfluna senda og eru beðnir um að skoða töfluna, fara yfir upplýsingar og bæta við ef þurfa þykir.</p>	JBW	
2	<p><b>Næsti fundur:</b> Í september ef þörf verður á.</p>	JBW	